

LJÓÐAMYNDBÖND

Þið horfið væntanlega flestöll á tónlistarmyndbönd í sjónvarpinu, á Youtube og fleiri vefsíðum. Stundum eru þetta einföld tónleikamyndbönd en oft eru gerð listræn myndbönd sem styðja við og styrkja áhrif tónlistarinnar eða túlka lagatextana. Það er hægt að nota margar mismunandi leiðir til að gera slík tónlistarmyndbönd. Myndbandinu við lagið [Betra líf](#) með Páli Óskari er skapað ákveðið andrúmsloft með því að sýna hóp af lífsglöðum einstaklingum þyrpast út á götu á fallegum sumardeggi og byrja að dansa. Þannig er sýnd ein túlkun af hinu góða lífi sem lagið fjallar um. Einhver annar gæti hins vegar túlkað hið góða líf á allt annan hátt. Við fyrstu sýn virkar myndband Sigur Rósar við lagið [Hoppí polla](#) af allt öðrum toga. Þar er hópur gamalmenna látinn haga sér eins og fjörug börn, gera dyrabjölluat, sparka ruslafötum um koll og berjast með trésverðum. Tilgangur þess er þó greinilega sá sami, þ.e. að fanga og túlka andrúmsloft lagsins. Í tónlistarmyndbandinu [Undir þínum áhrifum](#) með Sálinni hans Jóns míns er lögð meiri áhersla á að myndbandið segi sögu en myndbandið er í raun ástarsaga sögð aftur á bak. Tónlistarmyndbönd geta þannig verið góð viðbót við tónlistina, hjálpað til við að magna andrúmsloftið og undirstrikað boðskapinn eða söguna í textanum.




Ljóð getur í senn verið saga, tilfinning, hugmynd og taktur. Það má því vel hugsa sér að búa til myndbönd, svipuð tónlistarmyndböndum, við ljóð, ljóðamyndbönd. Ljóðamyndband gæti verið stuttmynd byggt á sögu ljóðsins, mismunandi myndskot sem tengjast efni ljóðsins, föngun á andrúmslofti ljóðsins eða í raun hvað sem myndbandagerðarmanninum dettur í hug að passi við ljóðið.

VERKEFNALÝSING

Í þessu verkefni eigið þið að útbúa ljóðamyndband við ljóð að eigin vali. Ljóðið getur verið frumsamið, fengið af Netinu, úr skólabókum eða ljóðabókum. Þegar þið hafið valið ykkur ljóð eigið þið að skoða það vel og hugleiða hvers konar myndband gæti passað við það. Þegar þið eruð komin með einhverja grunnhugmynd eigið þið að búa til myndastiklu þar sem þið rissið upp helstu atriðin í myndbandinu og skrifið niður punkta sem tengjast þeim. Þið notið myndstikluna til að hjálpa ykkur við upptökurnar. Eftir upptökur farið þið með efnið í tölvur og klippið það til með kvikmyndagerðarforriti. Þið getið einnig bætt við bakgrunnshljóðum, tónlist eða lesið inn ljóðið inn yfir myndbandið. Þegar ljóðamyndbandið er tilbúið afhendið þið kennaranum ykkar það; hann setur myndböndin væntanlega inn á vefsíðu skólans, Youtube, Vimeo eða einhvern annan stað þar sem aðrir geta notið þeirra.

AÐ VELJA LJÓÐ

Gætið þess að velja ljóð sem þið skiljið og eigið auðvelt með að sjá fyrir ykkur. En munið að ekkert er ómögulegt. Þó ljóðið fjalli um eldgos þarf ekki endilega að fljúga að næsta eldfjalli til að taka upp heldur má nota aðrar leiðir til að sýna eldfjallið eða eldgosid, t.d. með ljósmyndum, fréttabrotum, teikningum, leikföngum eða leir. Einnig mætti tákna eldgos



með einhverju sem svipar til þess og minnir á það, eins og t.d. með því að láta gos gjósa upp úr gosflösku.

HUGSTORMUN – GREINING Á LJÓÐINU



Áður en þið hefjist handa við að útbúa myndstikluna fyrir ljóðamyndbandið skuluð þið velta fyrir ykkur hvernig þið viljið hafa myndbandið. Það skuluð þið gera með því að greina ljóðið og skrifa niður öll þau atriði sem mætti nota eða hafa í huga við gerð myndbandsins. Svarið eftirfarandi spurningum eins og við á en bætið einnig við eigin spurningum.

- Hver er ljóðmælandi? Hvernig er hægt að tengja hann við ljóðamyndbandið? Á að leika hann í myndbandinu eða er hann

fjarlægur sögumaður?

- Um hvað fjallar ljóðið? Er það saga, lýsing á persónu eða lýsing á náttúru, staðhæfing, spurning, orðaleikur? Hvers konar myndband hentar þessu ljóði: leikin stuttmynd, óræðari myndbrot af mismunandi hlutum eða atburðum, myndbrot af því sem ljóðið lýsir (ef þetta er t.d. lýsing á persónu eða náttúru) eða eitthvað allt annað?
- Er boðskapur í ljóðinu? Ef svo er, hvernig mætti nýta myndbandið til að leggja áherslu á boðskapinn.
- Hvaða líkingar, myndhverfingar, tákni, persónugervingar, andstæður og annað myndmál er í ljóðinu? Hvað táknar þetta myndmál? Hvernig mætti nota það í myndbandinu, hvort væri t.d. betra að myndbandið sýni myndmálið eins og það er orðrétt eða sýni hvað það táknar í raun? Er kannski hægt að gera hvort tveggja?

Með því að svara þessum spurningum og fleiri vakna væntanlega hugmyndir að myndbandi.

MYNDSTIKLA





Þegar þið eruð komin með grunnhugmynd að myndbandi er hægt að byrja á myndstiklunni. Myndstikla er leið til að skrá niður atburðarás og lýsa atriðum í kvikmyndum og myndböndum án þess að þurfa að skrifa niður hvert smáatriði. Þess í stað er unnið út frá skissum eða teikningum sem sýna atburðinn, ásamt stuttum punktum sem lýsa atriðinu nánar. Oft eru myndstiklur mjög nákvæmar þar sem rissað er upp hvert svipbrigði eða hreyfing líkt og um myndasögu væri að ræða. Í þessu tilviki er ekki nauðsynlegt að gera svo ítarlega myndstiklu. Þið skuluð frekar teikna 1–3 myndir fyrir hvert atriði í myndbandinu þar sem sýnd eru aðalatriðin í því atriði.

Á vefsíðu þessa verkefnis er að finna dæmi um myndstiklu fyrir ljóðamyndbandið *Vonbrigðin í lífinu, 139. kafli* sem var gert eftir samnefndu ljóði eftir Ingólf Gíslason.

Titill: Vonbrigðin í lífinu, 139. kafli

Byggt á samnefndu ljóði eftir Ingólf Gíslason

Fjöldi atriða: 4

Atriði 1	Staður: Búskaflið
	Lýsing: Pilturinn í miðjunni les bók eftir bók. Hann er í skrautlagri skyrtu og stuttbuxum. Pilturinn fyrir aftan gera ekki neitt. Þeir eru svartklæddir með svarta hólur.
	Lýsing: Stúlkun gengur upp að piltinum og talar við hann. Hann þreggt ekki við þannig að hún fer í þurru. Hann heldur áfram að lesa og lýsta eitt ljóðs birta á sjávarinu. Tætt: Húfjór af fróðleik roystit fram: af grænu ríngingavati.
Atriði 2	Staður: Við tjórnina
	Lýsing: Pilturinn situr á bækki og heldur á rós. Hann er spenntur. Hann er einn skrautlagri skyrtu og í stuttbuxum en er sennim með svarta hólur á höfðinu. Fyrir aftan hann standa sömu svartklæddu piltar og í atriði 1.
	Lýsing: Stúlkun og vinur hennar ganga framhjá. Þau leiðast og víkja stafangin.

Notið þessa myndstiklu sem fyrirmynd. Þið skiptið myndstiklunni upp eftir atriðum og efst í hverju atriði skuluð þið skrá hvar þetta atriði á sér stað. Eitt atriði gæti samsvarað einu erindi eða einni

setningu í ljóðinu eftir því hve innihaldsrík eða löng erindin eru. Við hliðina á hverri mynd skuluð þið skrifa stutta lýsingu á því hvað er að gerast á þessari mynd ásamt lýsingum á t.d. fatnaði, útliti, svipbrigðum og öðru sem ekki er auðvelt að koma fyrir á myndinni en þið viljið gæta þess að gleymist ekki. Þar skuluð þið einnig skrifa ef einhver texti á að birtast á skjánum sem og ef einhver upplestur eða samtöl eiga sér stað.

UPPTÖKUR



Þegar þið eruð orðin sátt við myndstíkluna er kominn tími til að hefja upptökur. Athugið að ekki er nauðsynlegt að taka atriðin upp í réttir röð heldur klippið þið þau saman í tölvum. Einnig er gott að hafa í huga að það er í góðu lagi að taka sum atriðin upp mörgum sinnum. Góðar kvikmyndir eru aldrei teknar upp í aðeins einni töku. Prófið endilega að taka sama atriðið upp frá ólíkum sjónarhornum og klippið svo atriðið saman með mismunandi skotum.

Að lokum skuluð þið gæta þess að myndstíklan er eins og uppskrift. Hún hjálpar ykkur að undirbúa verkið ykkar. En ef ykkur langar til að breyta einhverju eða fáíð nýjar hugmyndir þegar á hólminn er komið þá skuluð þið ekki hika við það frekar en að bæta við aukaskammti af súkkulaði í súkkulaðikökuuppskriftina.

KLIPPING, ÚRVINNSLA OG HLJÓÐVINNSLA



Þegar þið hafið lokið upptökum er komið að úrvinnslu og klippingu. Sú vinna fer fram í tölvu með hjálp kvikmyndagerðarforrits. Það þarf að borga fyrir mörg kvikmyndagerðarforrit en sum eru ókeypis og mörgum er einnig hægt að hlaða niður til að prófa tímabundið. Veljið ykkur kvikmyndagerðarforrit sem þið kunnið á og hafið aðgang að. Á vefsíðu þessa verkefnis er að finna kennslumyndband þar sem sýndar eru helstu aðgerðir við klippingu og hljóðvinnslu í forritinu Windows Live Movie Maker sem er hentugt forrit fyrir byrjendur. Forritið er frítt og uppsett á flestum tölvum þar sem það fylgir með Windows stýrikerfinu.

HLJÓÐVINNSLA

Samhliða klippingu og úrvinnslu á myndefninu skuluð þið huga að því hvort þið viljið setja inn tónlist eða önnur bakgrunnshljóð. Hægt er að sækja frí áhrifshljóð á mörgum stöðum á Netinu. Leitið eftir orðunum „free sound effects“.

Ef þið ætlið að lesa ljóðið upp og setja inn á myndbandið þá þurfið þið að tengja hljóðnema við tölvu og taka lesturinn upp með til þess gerðu hljóðvinnsluforriti. Það er til fjöldinn allur af slíkum forritum, eitt þeirra kallast „Audacity“ og er frítt og auðvelt að læra á. Á vefsíðu verkefnisins er stutt kennslumyndband sem sýnir hvernig má nota „Audacity“ til að taka upp ljóðalestur.



VEFSÍÐAN

Með þessu verkefni fylgir vefsíða þar sem má finna eftirtalið:

- [Kennslumyndband](#) þar sem sýnd eru helstu atriði við notkun á Windows Live Movie Maker.
- [Kennslumyndband](#) þar sem sýnt er hvernig forritið Audacity er notað til að taka upp lestur.
- Dæmi um [myndstiklu](#) fyrir ljóðamyndband.
- Dæmi um fullgert [ljóðamyndband](#).
- [Tengla](#) á gagnlegar vefsíður, s.s. ljóðasíður, síður með þeim forritum sem hér eru notuð og eru til niðurhlaðs, auk síðna sem geyma tónlistar- og ljóðamyndbönd.

Slóðinn á vefsíðuna er: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/ljodamyndbond/index.html